



Stangarholt 3-9 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. september 2023 var lögð fram tölvupóstur Önnu Kristínar Halldórsdóttur f.h. Stangarholts 7, dags. 24. ágúst 2023, varðandi merkingu 14 bílastæða við Stangarholt 3-9 sem Hvoll hf. keypti af Reykjavíkurborg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd af svæðinu

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er lóðin á skilgreindu svæði íbúðabyggð.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Stangarholt 3-9 og 11, samþykkt í borgarráði 17.12.2015

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi sérmerkingu á bílastæðum á borgarlandi sem talið er tilheyra Stangarholt 3-9 vegna samninga frá 1984.

Árið 1984 gerðu Reykjavíkurborg og Hvoll hf samkomulag um að Húseigendur Stangarholt 3-9 eiga forgang í 14 stæði á bílastæðum í götu. Að auki eru 34 bílastæði inná lóð.

Árið 1986 var gerður leigusamningur þar sem kemur fram að Stangarholt 3-11 eigi 11/20 hluta í sameiginlegri bílastæðalóð sem er staðsett í götu. Í heild eru 40 stæði á lóðinni og þá eru 22 stæði sem tilheyra þeim.

Þegar unnin var breytinga á deiliskipulagi vegna skiptingu lóðar Stangarholt 3 -11 í tvær lóðir er bílastæðum skipt þannig að 17 stæði á bílastæðalóð tilheyra Stangarholt 11 og 5 stæði á bílastæðalóð tilheyra Stangarholti 3-9. Hér hafa orðið mistök í texta í greinagerð þar sem hefði átt að koma fram að Stangarholt 3-9 eigi 14 bílastæði og Stangarholt 8 bílastæði á sameiginlegu bílastæðalóðinni.

Það samræmist ekki stefnu borgarinnar sérmerkja bílastæði á borgarlandi ákveðnum einstaklingum eða stofnunum. Ekki er gerð athugasemd við að lóðarhafa komi sér saman um bílastæðamerkingar á sameiginlegu bílastæðalóðinni. Lóðin tilheyrir Stangarholti 3-11 og Nóatúni 24-32.

Niðurstaða

Bílastæðin 14 sem tilheyra Stangarholti 3-9 eru staðsett á bílastæðalóðinni. Ekki er leyfilegt að merkja sér bílastæði á borgarlandi. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að lóðarhafar komi sér saman um bílastæðamerkingar á sameiginlegu bílastæðalóðinni.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri